

Alþingi
Erindi nr. P 128/1609
komudagur 7.3.2003



Alþingi Íslendinga
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 5. mars 2003



Tilvísun: FEL03020047/0005/gath/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þskj. 50-50 mál.

Með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þskj. 50 - 50 mál, er lagt til að kærunefndar jafnréttismála kveði upp úrskurði en gefi ekki álit í þeim málum sem kærð eru til nefndarinnar. Með því að samþykkja slíka breytingu yrðu þær niðurstöður sem nefndin kæmist að bindandi fyrir kæranda og kærða.

Ný lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla tóku gildi á árinu 2000. Reglugerðir á grundvelli laganna voru gefnar út í janúar sl., þ. á meðal reglugerð um kærunefnd jafnréttismála. Ráðuneytið telur að takmörkuð reynsla hafi fengist af gildandi jafnréttislögum og þar af leiðandi sé ekki ástæða til að breyta þeim að svo komnu máli.

F. h. r.

 / 
Gylfi Kristinsson / Guðrún A Þorsteinsdóttir